HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

2. mars 2021

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis vill koma á framfæri eftirtöldum athugasemdum við drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.

Úr sér gengin ökutæki.

Á bls. 46 kemur fram að markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu úr sér genginna ökutækja hafi jafnan verið náð enda er skilagjald greitt þeim sem afhendir úr sér gengið ökutæki til úrvinnslu og hafa heimtur á þeim verið góðar (mynd 16). Þetta er full einfölduð mynd af árangrinum þótt sennilega sé endurvinnslan umfram markmiðin 95% fyrir endurnýtingu og 85% fyrir endurvinnslu. Það er reyndar erfitt að skilja hvernig hægt er að tala um 95% endurnýtingu **og** 85% endurvinnslu og væri þörf á að skýra það hvernig sama ökutækið getur bæði verið endurnýtt og endurunnið því varla er prósentu hlutfallið hærra en 100% ökutækja?

Áður en þessi ökutæki koma til endurvinnslu í brotajárn hafa þau oft átt sér framhaldslíf, sem ökutæki sem hafa verið tekin úr umferð en verið áfram skráð á ökutækjaskrá eða verið afskráð. Þetta framhaldslíf númerslausra ökutækja getur staðið yfir í ár og áratugi og má sjá árangurinn víða í þéttbýli og dreifbýli landsins þar sem druslur og brotajárn hefur safnast upp. Fjöldi þessara ökutækja er ekki þekktur til hlítar en hægt er að áætla hann útfrá því hlutfalli ökutækja sem er ekki í umferð en á ökutækjaskrá árið um kring. Af fólksbílunum fer um 15% skráðra fólksbíla aldrei í umferð (um 40.000 bílar) og er því að mestu leyti orðin brotajárn. Hlutfall annarra tegunda ökutækja, sem er ekki í umferð, er enn hærra.

Í störfum heilbrigðiseftirlitsins verðum við oft vör við þessi ökutæki enda er það hluti starfsins að láta fjarlægja númerslaus ökutæki á opnum svæðum að undangenginni viðvörun og að reyna að fá lóðir og lendur hreinsuð, sem eru með miklu drasli.

Til skamms tíma var úrvinnslugjald á ökutæki 700 kr. á ári. Þegar það hafði verið innheimt í 15 ár eins og lög um úrvinnslugjald gera ráð fyrir, hafði verið innheimt 10.500 kr. á líftíma bíls. Sá sem afhenti gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, fékk síðan 20.000 kr. skilagjald greitt við skil á bílnum. Bókhald fyrir skil á úrvinnslugjaldi og útgreiðslu skilagjalds mun hafa komið út í plús. Hvernig það getur verið er í raun óskiljanlegt með þessu háa skilahlutfalli til endurvinnslu (yfir 90% undanfarin ár) þar sem greitt var um helmingi minna í úrvinnslugjald af hverjum bíl en greitt var í skilagjald.

Nú er reyndar búið að hækka úrvinnslugjaldið í 1800 kr. á ári þannig að það mun innheimtast um 27.000 kr. á líftíma bíls en skilagjaldið er ennþá 20.000 kr. Skilagjaldið hefur ekki hækkað að krónutölu frá árinu 2014.

Ef við drögum þetta saman:

- Skýrslan dregur upp full einfaldaða mynd af úrvinnslu ökutækja.
- Umhverfisvandamál tengd ökutækjum eru margvísleg áður en þau koma til endurvinnslu. Þau taka pláss, þau geta mengað og þau eru oft úrgangur í mörg ár áður en þau fara í endurvinnslu.
- Besta leiðin til að flýta endurvinnslu ökutækja er að hækka skilagjald og úrvinnslugjald og auka þar með hvatann til að skila þeim til endurvinnslu.
- Það vinnst ekkert í umhverfismálum eða úrgangsmálum með því að geyma ónotuð og ónýt ökutæki árum og áratugum saman.

Æskileg upphæð skilagjalds er líklega um 100.000 kr. og þarf úrvinnslugjald að hækka að sama skapi í um 14.000 kr. á ári miðað við forsendur í lögum um úrvinnslugjald. Æskilegt er að innheimta úrvinnslugjald af ökutækjum, sem eru ekki í umferð en á ökutækjaskrá til að auka hvatann til endurvinnslu þeirra.

TILLAGA: *Lagt er til að úrvinnslugjald á ökutæki verði hækkað frá því sem nú er og skilagjaldið sömuleiðis og að úrvinnslugjaldið verði innheimt allan líftíma bílsins þar til hann fer í endurvinnslu.*

Byggingar- og jarðvegsúrgangur

Á höfuðborgarsvæðið vantar sérstaka endurvinnslu byggingar- og niðurrifsúrgangs, sem samþætta má endurvinnslu uppgraftar og jarðvegsefna sem á uppruna sinn í byggingariðnaði. Tilgangur slíkrar endurvinnslu ætti að vera að endurnýta og endurvinna þessi massaefni sem verið er að flytja fram og tilbaka og farga með tilheyrandi umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda frá þungaflutningum. Stefna í úrgangsmálum ætti að styðja við að slík endurvinnsla verði sett á laggirnar og að verðmyndun úrgangstrauma inn í hana og endurunninna byggingarefna út úr henni verði sjálfbær.

TILLAGA: *Stefna í úrgangsmálum ætti að styðja við tilurð endurvinnslustöðvar með byggingar- og jarðvegsefni á höfuðborgarsvæðinu. Ráðuneytið gæti átt frumkvæði að tilurð stöðvarinnar í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.*

Brennslustöðvar

Brennslustöðvar geta haft tvennan frumtilgang á Íslandi. Að brenna sóttmenguðum úrgangi, og þar er stærsti þátturinn sennilega sláturúrgangur og sýkt dýr, eða að búa til hitaorku á köldum svæðum þar sem ekki er hitaveita. Erfitt er að samþætta þennan rekstur í eina brennslu. Brennslur sem búa til hitaorku þurfa að vera nálægt þéttbýli og þurfa að fá hreint flokkað brennsluefni og skila af sér mengunarlausum útblæstri og engri lykt. Því er erfitt að ná þegar verið er að brenna miklu af sláturúrgangi. Því er líklega best að koma upp brennslum fyrir sóttmengaðan úrgang t.d. þar sem greiður aðgangur er að metangasi frá sorpvinnslu eða í nálægð við sláturhús á Suðurlandi eða Norðurlandi. Brennslur fyrir hitaorku koma til greina við sjávarsíðuna, t.d. á Ísafirði,

Patreksfirði, Austfjörðum eða í Vestmannaeyjum. Brennsluefni til þeirra ætti að vera þurr flokkaður úrgangur, sem á að brenna vegna þess að endurvinnsla eða endurnýting innanlands kemur ekki til greina, eða útflutningur er ekki inni í myndinni. Hann ætti að flytja á staðinn með sjóflutningum í lokuðum gámum. Besta staðsetning slíkrar brennslu er því við höfn. Með réttri flokkun, þannig að hættuleg efni fari ekki með og með eftirbruna útblásturs, á að vera hægt að tryggja „hreinan“ útblástur og lyktarleysi. Vinnsla metans úr lífrænum úrgangi og nýting metans til eftirbruna á vel saman.

TILLAGA: *Brennslustöðvum til orkuvinnslu verði komið upp á „köldum“ svæðum. Brennslustöðvar til að eyða sóttmenguðum úrgangi verði komið upp í grennd við uppsprettur úrgangsins. Metan úr metanvinnslu lífræns úrgangs eða skólps verði nýtt til brennslu eins og kostur er.*

Lífrænn úrgangur

Sérstök söfnun lífræns heimilisúrgangs frá heimilum og fyrirtækjum er nauðsynlegur þáttur í framþróun í meðhöndlun úrgangs til að tryggja „hreina“ úrgangsstrauma. Óvisst er hvar verður hægt að afsetja unna „blandaða“ úrgangsstrauma þegar fram í sækir. Molta og lífrænn úrgangur sem inniheldur varasöm efni og plast verða líklega ekki vinsæll jarðvegsbætir til uppgræðslu eða til notkunar í ræktun bænda til matvælaframleiðslu.

Á höfuðborgarsvæðinu fellur til mikið af lífrænum heimilisúrgangi hjá heimilum og fyrirtækjum og ekki síður mikið af lífrænum úrgangi frá dýrahaldi. Í stefnu að meðhöndlun úrgangs þarf að gera sér grein fyrir þeim annmörkum sem eru á núverandi fyrirkomulagi í dreifingu og förgun þessa úrgangs. Eins og sakir standa er þessum úrgangi ekki dreift skipulega þar sem hans er mest þörf. Það þarf að hugsa fyrir leiðum til að skipuleggja og kosta dreifingu á þessum úrgangi á þeim stöðum þar sem næringarefni í honum koma að mestu gagni í uppgræðslu eða matvælaframleiðslu.

TILLAGA:

Skilgreina þarf hreinleika moltu eða jarðvegsbætis sem óhætt er að nota til uppgræðslu og til matvælaframleiðslu.

Finna þarf leiðir til að kosta og skipuleggja dreifingu á lífrænum úrgangi þar sem næringarefni í honum koma að mestu gagni til uppgræðslu eða matvælaframleiðslu.

Virðingarfyllst



Árni Davíðsson
framkvæmdastjóri